

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



Dags eftirlits	5.7.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Eskja hf. Eskifirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandgötu 2 / Marbakka	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6301694299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur L Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónasson	Staðsetning	734232,988 517289,471

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitinu (skil á grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi) og ein ný ábending var gerð (varðandi mögulega hættu á að efni komist út í umhverfið). Farið var yfir möguleg viðbrögð við ábendingunni en frávikinu er lokið. Sex eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. Staðfestar voru úrbætur varðandi eitt þeirra, og er því þar með lokið, unnið er í tveimur eftir samþykktri úrbótaáætlun en óskað er eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi þrjú eldri frávik. Auk þess var farið yfir fjórar ábendingar sem komu fram í eftirlitum 2020 og 2021.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Eskju hf. Eskifirði. Haukur Jónsson var fulltrúi rekstraraðila á fundinum en Smári Jónasson í skoðunarferðinni. Freyr Ævarsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Eskja hf. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 2.9.2015 og gildir það til 1.9.2031.

Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi (Leira 1, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu).

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskafurðum, sem ætlaðar er til vinnslu og endurvinnslu [...] Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring.“

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Við eftirlitið voru sex frávik opin (e-j) og auk þeirra var farið yfir fjórar ábendingar (a-d) sem gerðar voru í eftirlitum 2020 og 2021 og ekki hefur verið brugðist við eða staðfestingu vantaði á viðbrögðum.

a) „Rekstraraðila er bent á að tilkynna skal eftirlitsaðila hvenær vertíð hefst og hvenær henni lýkur, sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi.“

Rekstraraðili mun héðan í frá senda póst við upphaf og lok vertíða.

b) Meðferð efna í efnageymslu

Í eftirlitsskýrslu 2021 var bent á að á lager sé geymd fljótandi efnavara í bamba og að gólfíð halli að gati sem er á útvegg. Rætt var þá að loka þyrfti gatinu til að koma í veg fyrir að efni geti sloppið í niðurfall sem er utan hússins.

Búið var að loka gatinu með plötu en enn er hættu á að fljótandi efni komist út um gatið og í niðurfallið.

Rekstraraðili kemur til með að loka gatinu betur.

c) Bent var á að staðfestingum þjónustuaðila vegna tæminga á fituskiljum skal haldið til haga í gögnum fyrirtækisins og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili heldur saman staðfestingum frá þjónustuaðila, en fyrir kemur að rekstraraðili tæmi fitugildrur sjálfur og var farið yfir að skráningar á þeim tæmingum skulu einnig vera aðgengilegar.

d) „Rekstraraðila er bent á að hafa öryggisblöð aðgengileg þar sem efnavara er meðhöndluð“. Öryggisblöð voru aðgengileg þar sem efnavara (saltsýra og vítisóði) eru meðhöndluð.

e) „Niðurstöður frárennismælinga sem gerðar voru í mars 2020 sýndu að COD væri of hátt. Ekki hefur verið gerð önnur mæling á árinu, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi, og ekki vitað til þess að einhverjar

úrbætur hefðu verið gerðar á búnaðinum eftir mælinguna.“

Skýrsla dagsett 17.2.2022 staðfestir að mælingar á COD, fitu og svifögnum í frárennsli eru innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi.

Að öðru leyti er unnið skv. samþykktri úrbótaáætlun en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Til stendur að endurtaka frárennismælingu á makrílvertíð í sumar (2022).

Farið var yfir að mæla þurfi þegar makrílvertíð er í fullum gangi.

- Ráðgert er að endurnýja rör fyrir inndælingu á sjó sem er nýttur til kælingar í verksmiðjunni.

Verkið er á áætlun og eru áætluð verklok 1. október 2022

- Hreinsunarkari verður bætt við á árinu.

Í eftirlitinu kom fram að karið væri komið upp og yrði prófað á næstu dögum.

f) Frávik frá kröfum í gr. 5.2 í starfsleyfi. Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið.

Í samþykktri úrbótaáætlun kemur fram að stefnt sé að mælingu á síld og kolmunna á árinu 2023. Áætluð verklok eru fyrir 1. nóvember 2023.

g) Frávik frá kröfum í gr. 4.1 í starfsleyfi. Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Í samþykktri úrbótaáætlun kemur fram að ráðgert sé að koma á fót umhverfisstjórnunarkerfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju þar sem verður komið til móts við kröfur laga og reglugerða á Íslandi. Þar verða sett inn endurskoðuð umhverfismarkmið. Áætluð verklok skv. úrbótaáætlun voru 30. maí 2022.

Ekki er lengur ráðgert að koma á fót umhverfisstjórnunarkerfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju. Þess í stað er hafin vinna við heildar umhverfisstjórnunarkerfi fyrir Eskju. Búið er að vinna drög að slíku kerfi.

Rekstraraðila er bent á að upplýsa þarf Umhverfisstofnun um allar breytingar á samþykktri úrbótaáætlun, og eftir atvikum fá samþykki stofnunarinnar fyrir þeim. Ekki er ljóst hvenær vinnu við umhverfisstjórnunarkerfi Eskju lýkur. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun.

h) Frávik frá ákvæði í gr. 4.4 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun fyrirtækisins þarf að uppfæra.

Viðbragðsáætlun, dags. 9.3.2022, hefur verið send Umhverfisstofnun og telst frávikinu lokið.

i) Frávik frá ákvæði í gr. 4.5 í starfsleyfi. Mengunaróhapp var ekki tilkynnt til eftirlitsaðila þegar þéttir í dælu í soðkjarnatæki í verksmiðjunni bilaði sem varð til þess að talsvert af soði fór í sjóinn.

Í samþykktri úrbótaáætlun kemur fram að stefnt sé að frekara eftirliti með dælum og öðrum búnaði.

Framangreint verði sett inn í innra eftirlit umhverfisstjórnunarkerfis. Upplýsingagjöf til yfirvalda verði bætt strax. Áætluð verklok vegna innra eftirlits eru 31. maí 2022.

Vinnu við umhverfisstjórnunarkerfi er ekki lokið. Hins vegar hefur verklag verið bætt og er eftirlit með dælum og öðrum búnaði orðið ítarlegra og viðhald er nú skráð.

Rekstraraðila er bent á að upplýsa þarf Umhverfisstofnun um allar breytingar á samþykktri úrbótaáætlun, og eftir atvikum fá samþykki stofnunarinnar fyrir þeim. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun.

j) Frávik frá ákvæðum í gr. 20.1 og 20.2 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar lýsislagnir og allar löndunarlagnir fyrir lýsi og olíu. Í samþykktri úrbótaáætlun kemur fram að mælingu sé lokið en beðið sé eftir skriflegri staðfestingu. Áætluð verklok eru 20.mars 2022.

Enn er beðið eftir vottorði.

Rekstraraðila er bent á að upplýsa þarf Umhverfisstofnun um allar breytingar á samþykktri úrbótaáætlun, m.a. ef ekki er staðið við skilafresti. Umhverfisstofnun óskar eftir að rekstraraðili sjái til þess að umbeðin gögn berist sem allra fyrst.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

4. Önnur mál

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna 2021 var ekki skilað á tilsettum tíma (fyrir 1. maí) og er það frávik frá starfsleyfi. Umrædd gögn bárust Umhverfisstofnun í byrjun júní og er frávikinu því lokið.

Rekstraraðila er bent á annars vegar að skoða útreikninga í græna bókhaldinu og hins vegar að leyfileg mörk á TVN skv. starfsleyfi, eru 100mg N/100g en ekki 120mg N/100g eins og gefið er í skyn í græna

bókhaldinu.

5. Skoðunarferð

Í ljós kom að á gólfri þar sem saltsýra og vítissóði eru geymd er niðurfall sem ekki var hægt að staðfesta að væri lokað. Rekstraraðila var bent á að kanna hvort hætta sé á að efni sem berast í niðurfallið komist út í umhverfið og bregðast við ef svo er.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í gr. 3.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr.851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa ústreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um ústreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og ústreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert.


ÁBENDINGAR

Á gólfri þar sem saltsýra og vífíssóði eru geymd, er niðurfali sem ekki var hægt að staðfesta að væri lokað. Rekstraraðila er bent á að kanna hvort hætta sé á að efni sem berast í niðurfallið komist út í umhverfið og bregðast við ef svo er.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.07.2022



Freyr Evarsson

